

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um umferð í miðbænum á hátíðum

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Tillaga Flokks fólksins að ekki verið lokað eins mikið fyrir bílaumferða á menningarnótt og 17. júní eins og tíðkast hefur. Gengið er allt of langt í að loka fyrir bílaumferð og með því er lokað fyrir það skotið að ákveðinn hópur geti lagt leið sína í bæinn. Frítt í strætó og skutluferðir leysa ekki vanda þeirra sem eiga erfitt um gang og komast hvergi nærri hátíðarsvæði borgarinnar vegna lokunar gatna fyrir bílaumferð. Ekki einu sinni bílar með stæðiskort á leyfi til að aka inn á lokað svæði.

Hávær gagnrýni hefur heyrst vegna strætóferða á menningarnótt ýmist vegna þess að þeir væru of fáir, of seinir eða óku oft en ekki fram hjá fólki. Vegna svo róttækrar lokunar fylltust vagnar af fjölskyldum með barnavagna. Hvernig á einstaklingur með líkamlega fötlun að nota strætó undir þessum kringumstæðum. Eins sniðug og skutluþjónusta er þá var hún ekki að virka á menningarnótt. Skoða þarf hvað þarf að gera öðruvísi og betra til að slík þjónusta gangi upp.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 14. september sl.

Umsögn:

Í tengslum við stóra viðburði í miðborginni er unnið eftir áhættumati sem gefið er út af ríkislögreglustjóra þegar teknar eru ákvarðanir um aðgengismál og götulokanir. Menningarnótt er eina hátíðin þar sem svo stórt svæði er lokað í lengri tíma. Í tengslum við aðrar hátíðir er lokunarsvæðið minna og lokað er í styttri tíma yfir daginn. Þær lokanir eru ávallt gerðar í samráði við Lögregluna.

Í aðdraganda Menningarnæturs er u haldnir samráðsfundir með hagaðilum þar sem rætt er m.a. um aðgengismál. Þessir hagaðilar eru m.a. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Ríkislögreglustjóri, Slökkviliðið, Landhelgisgæslan, þjónustumiðstöðin í miðborginni, Barnavernd, Strætó, leigubílstjórar og Öryrkjabandalag Íslands.

Árið 2017 var gerð tillaga að staðsetningu bílastæða fyrir P merkta bíla í samráði við hagaðila þar sem ferðaþjónusta fatlaðra get ur skilað af sér og sótt farþega. Þessi svæði eru innan hins almenna lokunarsvæðis. Þetta fyrirkomulag hefur verið til staðar undanfarin ár. Upplýsingar um þetta fyrirkomulag er auglýst víða og hefur tilkynning um fyrirkomulagið m.a. verið sent út til félagsmanna ÖBÍ.



Reykjavíkurborg

Bílastæði fyrir hreyfihamlaða hafa verið staðsett á eftirfarandi stöðum:

- Skúlagötu, vestan við Olís
- Við Tækniskólann
- Á Túngötu við Suðurgötu

Rétt er að halda því til haga að handhafar stæðiskorta hafa heimild til að aka innan lokunarsvæðis til að komast að heimili sínu, með undantekningum þó. Á nokkrum götum er öll umferð bönnuð t.a.m. á Laugavegi, Skólavörðustíg og Lækjargötu en það er gert þar sem umferð gangandi vegfarenda er svo mikil að mikil hættu getur skapast af umferð ökutækja. Þó er alltaf reynt að greiða fyrir því að fólk komist að heimili sínu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri